



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Vatnsbúskapur Hrauneyjafossvirkjunar
árin 1981-1995**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-96043/VOD-04

Desember 1997



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 741840

**Vatnsbúskapur Hrauneyjafossvirkjunar
árin 1981-1995**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfínnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-96043/VOD-04

Desember 1997

ISBN 9979-827-76-9

HRAUNYJAFOSSVIRKJUN – vhm932

Helstu einkennisþættir

• Virkjun

Tekin í notkun: Fyrsta vél 28. október 1981. Önnur vél 21. janúar 1982
Þriðja vél 1. desember 1982
Vélar: Þrjár Francis vélar með lóðréttu öxla
Afl: Þrjár rafalar sem skila 70 MW hver, samtals 210 MW
Fallhæð: Nýtt fall er um 88 metrar

• Virkjað vatnsfall

Nafn: Tungnaá
Tegund: Úr miðluðu stöðuvatni, Þórisvatni, með dragár-, jökulár- og lindárinnrennsli
Vatnasvið: 3475 km². Það var 2926 km² þegar hafist var handa við Kvíslavatns-
miðlun árið 1980, en hún var stækkuð í áföngum til 1985

• Vatnshæðarmælar

Framhjáreznnsli: Mælir LV-832
Fyrir virkjun var Tungnaá mæld í vhm132
Síríti frá 1967.09.01
Notað vatn: Mælir LV-1932
Síríti frá 1984.08.25
Vatnshæð í lóni: Mælir LV-832
Síríti frá 1981.09.30
Vatnshæð er hér í m y.s.

• Einstakir stöðvarþættir

Framhjáreznnsli fundið út frá vatnshæð við opunarstöðu á yfirfallslokum og vatnshæð við LV-832
Notað vatn fundið út frá raforkuframleiðslu til 24. ágúst 1984, en mælt eftir það við mæli LV-1932
Vatnshæð inntakslóns er mæld við LV-832
Forði inntakslóns er fundinn út frá vatnshæð inntakslóns með forðalykli
Útrennsli = framhjáreznnsli + notað vatn
Innrennsli = útrennsli + aukning forða inntakslóns

• Meðaltöl rennislíþátta 1982-1994

	m ³ /s	Gl/ári
Framhjáreznnsli	9,98	314,975
Notað vatn	131,21	4140,321
Útrennsli	141,19	4455,296
Innrennsli	141,20	4455,694
Vatnshæð inntakslón	424,40	m y. s.
Forði inntakslóns	31,353	Gl

ABSTRACT

The report is a collection and presentation of data on the water budget of the hydro-power station Hrauneyjafossvirkjun in Southern Iceland, during the period 1981-1995. Landsvirkjun, The National Power Company, as the owner of the power plant takes care of the water level gauges measuring the excess flow and the level of the intake reservoir, and is in charge of keeping records on water utilization. The National Power Company made an agreement with the Hydrological Survey of Orkustofnun, National Energy Authority to process the data, store it in a database and publish it.

The report consists of two parts. **Part A** is a general summary report describing the conditions at the power station, the history of water gauging as well as the factors pertaining to the acquisition and processing of relevant data. This part of the report contains two appendices, the first with tables of stage-storage and stage-discharge relations and the second with monthly and yearly values for water level, storage and discharge components. The discharge is given as an accumulated as well as an average value. Data on maximum and minimum inflow to the reservoir are also presented.

Part B starts with the same tables of data as in appendix 2 of part A, but primarily contains a collection of tables and graphs presenting daily values for each hydrological component together with monthly and yearly values.


Parts A and B include graphs of temperature and precipitation based on data from the Icelandic Meteorological Office.

The power station utilizes a 88 m head and has an installed capacity of 210 MW. The harnessed river, Tungnaá, is a spring fed river with considerable glacier and direct runoff components, significantly influenced by the regulation of the voluminous lake Þórisvatn. The water utilization of the power station Sigölduvirkjun some 5 km upstream in the same river greatly influences the water usage at Hrauneyjafossvirkjun.

All calculations of the hydrological components strictly belonging to this power station (vhm932) are based on the records from the continuous gauging stations. LV-832 and the state of the spillway gates gives the excess flow, used water is based on energy production upto 1984, but after that measured in LV-1932 and the water level in the intake reservoir is registered on LV-832. The size of the drainage area was 2926 km² until work started on the Kvíslavatn diversion which increased it in stages to 3475 km² during 1980-1985.

The data processing is carried out on the computer of Orkustofnun with a suite of programs specifically written for this purpose. Six hydrological components are computed, the first three derived from the primary data, but the other three are calculated from the first three provided that the stage-storage relation for the reservoir is available. A summary of station and hydrological characteristics is on the back side of the title page, and an English version of it is overleaf.

All hydrological data are available in digital form.



1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (OS-VM) og Landsvirkjun (LV) fylgjast í sameiningu með vatnsbúskap virkjana og vatnsmiðlana, sem Landsvirkjun nýtir. Starfsmenn Landsvirkjunar annast gæslu vatnshæðarmælanna, en Vatnamælingar Orkustofnunar vinna síðan úr gögnunum, varðveita þau í gagnabanka og gefa út eftir atvikum. Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Hrauneyjafossvirkjunar á árunum 1981-1995, en virkjunin tók til starfa á árinu 1981. Fyrsta vél var gangsett 28. október, sú næsta 21. janúar 1982 og sú þriðja 1. desember 1982.

Gögn um rennsli Tungnaár við vhm132 eru til frá 1967 út 1980, en miðlun úr Þórisvatni hófst 1971 og Sigölduvirkjun tók til starfa árið 1977. Þetta hafði veruleg áhrif á rennsli árinna og er því ekki hægt að tala um náttúrulegt rennsli nema rétt fyrstu árin.

Eldri skýrslur Vatnamælinga fyrir Hrauneyjafossvirkjun voru gefnar út undir númerinu vhm132. Í þeim var reiknað með heildarforða allra miðlana og lóna á vatnasviði virkjunarinnar.

Skýrslan skiptist í tvo hluta, sem nefndir eru *Hluti A* og *Hluti B*.

Hluti A er skýrsla á hinu venjulega formi skýrslna Orkustofnunar. Fremst er yfirlit yfir helstu einkenniþætti virkjunarinnar. Síðan kemur ágríp á ensku ásamt enskri þýðingu á yfirlitinu. Þar á eftir kemur meginhluti skýrslunnar, þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum við virkjunina, mælingum, ferli gagnavinnslu, fjallað um niðurstöður og minnst á örfá atriði, sem hafa þarf í huga til að tryggja, að gögn verði sem nákvæmust í framtíðinni. Þá eru niðurstöður einstakra stöðvarþátta settar fram yfir allt tímabilið á myndrænu formi. Stöð er í þessu samhengi virkjun, miðlun eða veita með sínu vhm-númeri í stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga, og með stöðvarþætti er þá átt við hverja þá dagsgildaröð, mælda eða reiknaða, sem tengist formlega þessu númeri í gagnabanka Vatnamælinga. Í þessum hluta skýrslunnar eru tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru þeir forða- og rennislislyklar, sem í gildi eru, og í viðauka 2 eru töflur með árs- og mánaðargildum einstakra stöðvarþátta virkjunarinnar fyrir hvert ár fyrir sig.


Hluti B er á lausblaðaformi. Meginhluti hans eru töflur með dagsgildum allra stöðvarþátta og línurit byggð að mestu á þeim sömu dagsgildum. Þar eru einnig töflurnar úr A-hlutanum með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta. B-hluti skýrslunnar er gefinn út í mjög litlu upp-lagi og er einungis ætlaður þeim, sem þurfa að skoða gögnin nánar en unnt er í A-hlutanum. Gert er ráð fyrir því, að flestum lesendum nægi A-hlutinn.

Bæði í A- og B-hlutanum koma fyrir línurit yfir veðurþætti. Er þar byggt á gögnum frá Veður-stofu Íslands.

Skýrslan er tekin saman af Ásgeiri Sigurðssyni, Sigfinni Snorrassyni og Svani Pálssyni í nánu samstarfi við Hannes Haraldsson, Landsvirkjun. Áður höfðu ýmsir starfsmenn Vatnamælinga lagt hönd á plóginn við vinnslu og innslátt frumgagna. Þá er skylt að geta þess að Árni Snorrason, Kristinn Einarsson, Páll Ingólfsson og Tómas Jóhannesson hafa gefið fjölmargar ábendingar varðandi almenn atriði í skýrslum á borð við þessa.

2. AÐSTÆÐUR VIÐ HRAUNEYJAFOSSVIRKJUN

Hrauneyjafossvirkjun tók til starfa 28. október 1981. Virkjunin er í Tungnaá um 5 km neðan við Sigölduvirkjun, sjá myndir 1 og 2.




Mynd 1. Yfirlitskort af virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár.

Notað er sama vatn og í Sigölduvirkjun, en það er rennsli Tungnaár miðlað út úr inntakslóninu, Krókslóni, ásamt miðlun úr Þórisvatni. Inntakslón Hrauneyjafossvirkjunar er lítið og aðeins ætlað til að jafna skammtímasveiflur. Vegna miðlananna er erfitt að meta náttúrulegt innrennsli til Hrauneyjafossvirkjunar og er ekki gerð tilraun til þess hér.

Staðsetning helstu mannvirkja virkjunarinnar og vatnshæðarmælanna er sýnd á mynd 3.


Inntakslónið er myndað með um 3 km langri jarðstíflu. Vatnið er síðan leitt um sprengdan aðrennslisskurð að inntaki og þar er það tekið í stálþrúpum niður í stöðvarhús. Í stíflunni er yfirfall með lokum. Frá virkjuninni fer vatnið um frárennslisskurð í gamla Tungnaárfarveginn rétt ofan ármótanna við Köldukvísl.



IS VOD-VM-640821 KE / SV
18960731

0 20 km

Mynd 2. Vatnasvið Þjórsár/Tungnaár ofan Búrfellsvirkjunar (strangt tiltekið ofan Tröllkonu-
hlaups). Sýnd er staðsetning mæla í stöðvakerfi Vatnamælinga og vhm-númer þeirra. Þá sýna
dekkri strikin vatnaskil upp af hinum ýmsu rennismælistöðvum á ofangreindu vatnasviði.
Þessir hlutir eru samkvæmt gögnum í Landfræðilegu upplýsingakerfi (LUK) Vatnamælinga
Orkustofnunar. Vatnagrunnurinn (prentaður nokkru daufar) er samkvæmt Landfræðilegu upp-
lýsingakerfi Landmælinga Íslands.



Mynd 3. Mannvirki og mælar við Hrauneyjafossvirkjun.

Tungnaá er dragá með linda- og jökulþátt og einnig er veruleg miðlun úr Þórisvatni. Vatnið fer í gegnum Sigölduvirkjun áður en það kemur niður að Hrauneyjafossi og veldur það enn frekari miðlun. Vatnasvið Hrauneyjafossvirkjunar er samkvæmt allra nýjustu og áreiðanlegustu mælingum 3475 km². Það var 2926 km² áður en Kvíslavatnsmiðlun var veitt til Þórisvatns, sem var gert í áföngum árin 1980 til 1985. Við gerð á töflum og myndum var hins vegar látið heita að vatnasviðið væri 3358 km² allan tímann, þótt sú tala sé nú úrelt.

Til að skilgreina stöðvarþætti virkjunarinnar eru notaðir nokkrir vatnshæðarmælir. Í fyrsta lagi er það mælir LV-832 sem mælir vatnsborð í inntakslóninu og síðan er forðinn reiknaður með hjálp forðalykils. Notað vatn var upphaflega reiknað út frá raforkuframleiðslu og skráð sem rennslisröð LV-932. Samkvæmt kvörðun á vélunum var reiknað með að hver GI gæfi 4,68 MW. Seinna var mælir LV-1932 tekinn í notkun, en hann mælir notaða vatnið beint í frárennlisturkurði. Framhjärennslíð er skráð sem rennslisröð LV-132 og er það reiknað út frá lokustöðu í yfirfallsstíflu og vatnshæð inntakslóns við LV-832. Vatnið rennur í gamla Tungnaárfarvegnum þar sem sfitinn vhm132 (rennslisstöð) var fyrir tíma virkjunarinnar.

Við fyrri útgáfu voru þessi gögn gefin út sem rafstöðin vhm132, en notaður var heildarforði allra lóna ofan virkjunarinnar við reikning á innrennsli og reiknað var með 3 m³/s leka úr lóninu sem föstu framhjärennslí. Þessu hefur verið hætt því að þetta er ágiskun og er þar að auki háð vatnshæð í lóninu. Það innrennsli sem fékkst með gamla laginu gaf nokkra hugmynd um náttúrulegt rennsli, enda þótt m.a. væri ekki tekið tillit til yfirfallsvatns úr Þórisvatni ofan í Köldukvíslarfarveg.

Nú er út- og innrennsli til inntakslóns Hrauneyjafossvirkjunar reiknað út, en ekki er tekið tillit til breytinga í öðrum lónum á vatnasviðinu. Þessir útreiknuðu þættir eru því ekki tengdir náttúrulegu afrennsli af vatnasviði virkjunarinnar nema að litlu leyti og það hefur því næsta lítinn tilgang að reikna afrennsli til Hrauneyjafosslóns. Innrennslið verður stundum neikvætt. Einkum gerist það við snöggar breytingar og er óvissu í mælingum um að kenna.

3. NÚMERAKEFJI OG STÖÐVARÞÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU

Hér verður fyrst farið nokkrum orðum um stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga fyrr og nú. Jafnframt er fjallað lítils háttar um stöðvarþætti almennt hjá virkjunum, miðlunum og veitum. Síðan er í meginatriðum gerð grein fyrir úrvinnsluferli gagna í tölvu.

Númerakerfi mælistöðva Vatnamælinga hefur frá upphafi byggst á hlaupandi númeraröð. Hafa númerin verið rituð sem "vhm" + tala eða "vhm" + 3 tölustafir, t.d. vhm 932 eða vhm932, síðari rithátturinn má teljast föst regla í seinni tíð. Lengst af var litið svo á, að í aðalatriðum væri um þrenns konar stöðvar að ræða, þ.e. rennslisstöðvar, vatnsborðsstöðvar og rafstöðvar. Hjá tveim þeim fyrstnefndu var aðeins mældur einn mæliþáttur, hjá rafstöðvunum allt að þrjár, nefnilega framhjärennslí, notað vatn og vatnshæð í lóni. Auk þess voru vissir þættir reiknaðir út frá þessum grunnþáttum, þannig að í gagnabankanum tilheyrðu formlega 7 þættir hverri stöð (nú aðeins 6). Talað var um "gervirafstöðvar", ef um var að ræða miðlun án raforkuframleiðslu, þ.e. notað vatn var ekkert eða látið tákna einhverskonar "aukaframhjärennslí". Þá var ekki alltaf

einkvætt samband milli númera og stöðvar, því fyrir kom að sama númer vísaði bæði til rennslis- og vatnsborðsstöðvar eða bæði til rennslisstöðvar og rafstöðvar. Venjulega hélt stöð númeri sínu eftir tilfærslu á nýjan stað við sama vatnsfall, ef hún taldist mæla svipað vatn og áður. Nú stendur yfir næsta grundvallarleg endurskipulagning á gagnabanka og úrvinnslukerfi Vatnamælinga. Þar er almennt lögð mikil áhersla á einkvæmni, þar á meðal í stöðvanúmerakerfinu, og er þess þegar farið að að gæta, þannig að stöðvarnúmerum hefur verið fjölgað og nær sú breyting stundum aftur í tímann. Venjulega fær mælistöð nýtt númer við tilfærslu, nema hún sé svo óveruleg, að stöðin teljist mæla alveg sama vatn og áður. Þetta skal hafa í huga, ef vísað er til eldri vhm-númera í þessari skýrslu og öðrum af sama tagi.

Í stað rafstöðva tölum við nú fremur um virkjanir, miðlanir og veitur. Ef til vill má kalla slíkar stöðvar "þáttastöðvar" til aðgreiningar frá þeim stöðvum, sem aðeins mæla einn vatnafarsþátt á einum stað. Alla vega er nú komist svo að orði, að hjá þessum stöðvum séu nú tölvuskráðir sex stöðvarþættir. Þrír þeir fyrst töldu hér á eftir teljast frumþættir í þeim skilningi, að þeir koma sem inntaksgögn við staðaltölvuvinnslu á þáttastöðvum hjá Vatnamælingum, eru sem sagt "mældir" beint eða óbeint. Forvinnsla á hreinum mæligögnum fer ýmist fram hjá rafstöðvunum sjálfum, Landsvirkjun eða Vatnamælingum. Þrír síðartöldu þættirnir eru aftur á móti "reiknaðir" þættir. Í staðalvinnslunni eru þeir leiddir af frumþáttunum á einfaldan, fastan hátt. Þættirnir eru:

Framhjärennslí
Notað vatn
Vatnshæð í lóni
Forði í lóni, svarandi til vatnshæðar skv. forðalykli
Útrennsli = Framhjärennslí + Notað vatn
Innrennsli = Útrennsli + Aukning forða í lóni

Reyndar er möguleiki, að forðinn hafi verið fundinn áður en að staðalvinnslu kemur, heyrir hann þá líka til inntaksgagna.

Áður fyrr var einnig sjöundi stöðvarþátturinn, heildarforði hafður með. Þar var átt við samlagðan forða allra miðlunarlóna á vatnasviði virkjunarinnar, en ekki bara forða næsta lóns fyrir ofan, sem þá var oftast nefnt inntakslón, nú frekar aðeins lón. Þegar það var eina miðlunarlónið var heildarforði að sjálfsögðu jafn forða í lóni. Þá gilti líka sambandið

Innrennsli = Útrennsli + Aukning heildarforða

Vegna breyttrar skilgreiningar á innrennsli getur komið fyrir, að í skýrslum þeim, sem nú eru að koma út, verði það allt annað en í eldri skýrslum. Annars fer jafnan fram endurskoðun á frumgögnum í tengslum við nýju útgáfuna, svo að alltaf má búast við einhverju misræmi miðað við eldri tölur, en það ætti þó yfirleitt að verða minni háttar, þegar til lengri tíma er litið.

Þess má láta getið að fyrrum kom fyrir að aðeins var tölvuskráður forði/heildarforði en ekki vatnshæð (inntaks-) lóns.

Nú köllum við *miðlun* það sem áður var nefnt gervirafstöð, og *veita* heitir þegar vatnsfall greinist án þess að þar sé um miðlunarlón að ræða.

Þar sem vafi getur leikið á hvort orðin "miðlun og veita" séu notuð í ofangreindri merkingu, má í þeirra stað nota orðin miðlunarstöð og veitustöð. Einnig má oft líta á orðin virkjun, virkjunarstöð og rafstöð sem samheiti á þáttastöðvunum þar sem rafmagn er framleitt.

Í gagnabanka Vatnamælinga er eins og er, hjá öðrum stöðvum en rennslisstöðvum, einni eða tveim tölum bætt framan við þriggja stafa stöðvarnúmerið til að aðgreina stöðvategundir og stöðvarþætti. Vatnsborðsstöðvar eru með fjögurra stafa númer, þar sem "1" kemur á undan gamla stöðvarnúmerinu. Hjá þáttastöðvunum er þetta þannig, ef dæmi er tekið af Hrauneyjafossvirkjun vhm932: Framhjárennsli skráist á 2932, notað vatn á 3932, vatnshæð í lóni á 4932, forði í lóni á 5932, útrennsli á 77932, innrennsli á 7932. Í framtíðarkerfi verður önnur aðferð notuð til aðgreiningar, þó að gömlu grunnúmerin verði yfirleitt látin halda sér, og þar mega (grunn-)númer líka vera lengri en þriggja stafa.

Þegar mælisnúmer er gefið á forminu LV-*nnn* merkir það að mælirinn hafi númerið *nnn* í mælakerfi Landsvirkjunar. Slík númer vísa reyndar ekki endilega til eins ákveðins mælis, heldur til tímaraðar einhvers vatnafarsþáttar á tilteknum stað, í líkum skilningi og hjá stöðvarþáttanúmerum Vatnamælinga.

Frumþáttagögn Hrauneyjafossvirkjunar berast Vatnamælingum sem tölvuskrár frá Landsvirkjun. Gögnin eru í m^3/s eða sem Gl/d og hafa því viðeigandi lykilar verið notaðir til að breyta frummælingunum í rennsli, áður en gögnin koma til Vatnamælinga.

Um tölvuskráninguna, úrvinnsluna og gagnageymsluna skal aðeins farið fáum orðum, enda breytingum og byltingum undirorpin. Eins og er, eru notuð fjölmörg forrit, sem skrifuð hafa verið á Vatnamælingum, flest af Ásgeiri Sigurðssyni. Flestum þessara forrita er beitt við fleiri en eina þáttastöð, mörgum við þær allar. Gögnin eru fyrst sótt yfir á tölvu Landsvirkjunar, sem dagsgildi. Þegar hvert einstakt ár er komið, eru forði, útrennsli og innrennsli reiknuð.

Stöðvarþættirnir, sem hér eru birtir sem töflur og gröf, eru framhjárennsli, notað vatn, vatnshæð í lóni, forði í lóni, útrennsli og innrennsli.

Allir þættirnir eru aðgengilegir sem tölvutæk gögn. Gögn fyrir ákveðinn þátt og árábil fara þá í textaskrá (ASCII) sem runa af dagsgildum, sem notandi getur fengið á disklingi eða yfir gagnanet.

4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR

Forðalykill var gerður fyrir inntakslón Hrauneyjafossvirkjunar, með gildistöku frá 1. október 1981.

Rennslislykill hefur verið gerður fyrir framhjárennsli (rennslisröð LV-132) og byggir hann á lokuopnun og vatnshæð í inntakslóni (LV-832). Þessi lykill er notaður af starfsmönnum virkjunarinnar og OS-VM hafa ekki afrit af honum.

Lykill er einnig til fyrir gamla vhm132, sem mældi rennsli Tungnaár fyrir tíma virkjunar og er hann byggður á mælingum Vatnamælinga.

Gerður var lykill fyrir notað vatn, þá skráð sem rennslisröð LV-932, og byggir hann á sambandi vatnsnotkunar og raforkuframleiðslu, þannig að 1 Gl gefur 4,68 MW.

Gerður var annar rennslislykill fyrir sáritann LV-1932 sem byggir á rennslismælingum sem starfsmenn Landsvirkjunar gerðu. Þar með fékkst rennslisröð sem talin var standa rennslisröð LV-932 frammar að nákvæmni.

Lyklarnir sem OS-VM hafa undir höndum eru birtir í viðauka 1.

5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR

Ástand núverandi mælikerfis við Hrauneyjafossvirkjun er mjög gott. Þó þarf að huga betur að lykilmælingum fyrir mælana. Það á við um bæði framhjärennisli og notað vatn. Hugsanlega má nota straumsjá við mælingarnar.

Að þessu slepptu þarf að veita vatnshæðarmælunum venjubundið viðhald og tryggja sem best, að reksturinn gangi hnökralaust eins og verið hefur.

6. NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu eru birt gögn um vatnsbúskap Hrauneyjafossvirkjunar á árunum 1981-1995, framhjärennisli, notað vatn, vatnshæð í lóni, lónforða, útrennsli úr lóni og innrennsli í það. Ársmeðaltöl framhjärennisli, notaðs vatns og útrennsli eru sýnd á mynd 4 fyrir tímabilið í heild. Á sama hátt eru mánaðarmeðaltöl gefin á mynd 5. Þessar langtímamyndir auðvelda samanburð milli ára. Greinilega kemur fram á myndunum, að vatnsnotkun jókst fram til 1988. Síðan var hún svipuð til 1992 er hún minnkaði nokkuð. Af mánaðarmeðaltölunum má ráða að framhjärennisli er mest á sumrin, en vatnsnotkun er mest á veturna. Framhjärennisli var mikið 1981 og 1982 og einnig árin 1989 og 1992.

Til enn frekari glöggvunar á vatnsbúskap virkjunarinnar var mynd 6 gerð, hún sýnir meðalhita og meðalúrkomu á Hæli í Hreppum, byggt á gögnum frá Veðurstofu Íslands, ásamt innrennsli í inntakslón virkjunarinnar umreiknuðu í afrennsli af vatnasviði virkjunarinnar. Ekki var tekið tillit til minna vatnasviðs árin 1981 til 1985 við gerð myndanna.

Af myndunum má ráða, að fram til 1988 var sífellt meira vatni veitt til Hrauneyjafossvirkjunar en síðan hefur það haldist svipað. Sveiflur í veðurfari hafa mjög lítil áhrif á innrennsli til inntakslónsins. Það er því ljóst að innrennsli til lónsins er að mestu stjórnað með miðlun af mannavöldum.

Í viðauka 1 er birtur gildandi forðalykill, en rennislislyklar eru ekki í höndum VM-OS.


Í viðauka 2 hér í A-hluta skýrslunnar eru töflur á tveim blöðum fyrir hvert ár. Þar eru fyrst og fremst mánaðar- og árgildi, bæði heildarrennsli í Gl (miljónum m³) og meðalrennsli í m³/s, og hvað vatnshæð og forða varðar staðan í lok mánaðar. Einnig er þar mesta og minnsta innrennsli hvers mánaðar á föstu 5 daga tímabili (pentöðu) og mesta dagsrennsli mánaðarins. Í stuttum smáleturstextum með töflunum eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og lítillega gerð grein fyrir því hvernig einstakir þættir eru fundnir.

Þessar töflur eru einnig í hinum hluta skýrslunnar, B-hlutanum, sem er á lausblaðaformi. Að auki eru þar töflur með dagsgildum fyrir hvern stöðvarþátt ásamt mánaðar- og árgildum. Fyrir rennislisþættina eru töflur með daglegu rennsli í Gl/d og heildarrennsli mánaða og árs í Gl og töflur með öll gildi í m³/s. Stuttir smáleturstextar eru með töflunum. Þar eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og aðeins gerð grein fyrir, hvernig einstakir þættir eru fundnir. Einnig eru örfá sagnfræðileg atriði um mælistöðina. Nauðsynlegustu athugasemdum, sem eiga sérstaklega við árið sem um er að ræða, er komið að.


Fyrir hvert ár eru tvær myndasíður. Á þeirri fyrri er þreföld mynd sem sýnir alla þættina nema vatnsborðið, rennslið er í Gl/d og forðinn í Gl. Þar er einnig mynd sem sýnir veðurfar á Hæli í Hreppum og enn ein sýnir innrennsli til inntakslóns virkjunarinnar sem afrennsli af vatnasviði hennar í mm/d. Á síðari síðunni er mynd fyrir hvern rennslisþátt í m³/s. Inn- og útrennsli er að venju miðað við inntakslónið.

Vatnshæðarmælingarnar eru heillegar með aðeins örfáum stuttum hléum og er vatnshæð áætluð þau tímabil. Nokkrum sinnum var lónhæð áætluð vegna vindáhrifa.


Gögn tímabilsins í heild teljast heilleg og áreiðanleg.



Mynd 4. Ársmeðaltöl framhjárennslis, notaðs vatns og útrennslis 1981-1995.



Mynd 5. Mánaðarmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrénnslis 1981-1995.



Mynd 6. Meðalhiti og úrkoma á Hæli í Hreppum og innrennsli í inntakslónið 1981-1995, reiknað sem afrennsli af 3358 km². Árs- og mánaðargildi.

VIÐAUKI 1

Forða- og rennslislyklar Hrauneyjafossvirkjunar




OS Vatnamælingar		F o r ð a l y k i l l					v h m 932 l n r 1				
Tungnaá; Hrauneyjafossvirkjun											
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)						Lykill tók gildi : 1981.10.01					
Lykill gerður:						Lykill féll úr gildi:					
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
41800	0,130	0,137	0,144	0,151	0,159	0,166	0,173	0,181	0,188	0,195	
41810	0,203	0,210	0,217	0,224	0,232	0,239	0,246	0,254	0,261	0,268	
41820	0,276	0,283	0,290	0,297	0,305	0,312	0,319	0,327	0,334	0,341	
41830	0,349	0,356	0,363	0,370	0,378	0,385	0,392	0,400	0,407	0,414	
41840	0,422	0,429	0,436	0,443	0,451	0,458	0,465	0,473	0,480	0,487	
41850	0,495	0,502	0,509	0,516	0,524	0,531	0,538	0,546	0,553	0,560	
41860	0,568	0,575	0,582	0,590	0,597	0,605	0,612	0,619	0,627	0,634	
41870	0,642	0,649	0,656	0,663	0,671	0,678	0,685	0,693	0,700	0,707	
41880	0,715	0,722	0,729	0,736	0,744	0,751	0,758	0,766	0,773	0,780	
41890	0,788	0,795	0,802	0,809	0,816	0,824	0,831	0,838	0,845	0,852	
41900	0,860	0,884	0,909	0,934	0,959	0,984	1,008	1,033	1,058	1,083	
41910	1,108	1,132	1,157	1,182	1,207	1,232	1,256	1,281	1,306	1,331	
41920	1,356	1,380	1,405	1,430	1,455	1,480	1,505	1,530	1,555	1,580	
41930	1,605	1,629	1,654	1,679	1,704	1,729	1,753	1,778	1,803	1,828	
41940	1,853	1,877	1,902	1,927	1,952	1,977	2,001	2,026	2,051	2,076	
41950	2,101	2,125	2,150	2,175	2,200	2,225	2,249	2,274	2,299	2,324	
41960	2,349	2,373	2,398	2,423	2,448	2,473	2,498	2,523	2,548	2,573	
41970	2,598	2,622	2,647	2,672	2,697	2,722	2,746	2,771	2,796	2,821	
41980	2,846	2,870	2,895	2,920	2,945	2,970	2,994	3,019	3,044	3,069	
41990	3,094	3,118	3,143	3,167	3,192	3,217	3,241	3,266	3,290	3,315	
42000	3,340	3,382	3,425	3,467	3,510	3,552	3,595	3,637	3,680	3,722	
42010	3,765	3,807	3,850	3,892	3,935	3,978	4,020	4,063	4,105	4,148	
42020	4,191	4,233	4,276	4,318	4,361	4,403	4,446	4,488	4,531	4,573	
42030	4,616	4,658	4,701	4,743	4,786	4,829	4,871	4,914	4,956	4,999	
42040	5,042	5,084	5,127	5,169	5,212	5,254	5,297	5,339	5,382	5,424	
42050	5,467	5,509	5,552	5,594	5,637	5,679	5,722	5,764	5,807	5,849	
42060	5,892	5,934	5,977	6,019	6,062	6,105	6,147	6,190	6,232	6,275	
42070	6,318	6,360	6,403	6,445	6,488	6,530	6,573	6,615	6,658	6,700	
42080	6,743	6,785	6,828	6,870	6,913	6,956	6,998	7,041	7,083	7,126	
42090	7,169	7,211	7,253	7,295	7,337	7,379	7,421	7,463	7,505	7,547	

OS Vatnamælingar		Forðalykill					vhm 932 lnr 1				
Tungnaá; Hrauneyjafossvirkjun											
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)						Lykill tók gildi : 1981.10.01					
Lykill gerður:						Lykill féll úr gildi:					
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
42100	7,590	7,646	7,702	7,758	7,815	7,871	7,927	7,984	8,040	8,096	
42110	8,153	8,209	8,265	8,321	8,377	8,434	8,490	8,546	8,602	8,658	
42120	8,715	8,771	8,827	8,883	8,940	8,996	9,052	9,109	9,165	9,221	
42130	9,278	9,334	9,390	9,446	9,502	9,559	9,615	9,671	9,727	9,783	
42140	9,840	9,896	9,952	10,008	10,065	10,121	10,177	10,234	10,290	10,346	
42150	10,403	10,459	10,515	10,571	10,627	10,684	10,740	10,796	10,852	10,908	
42160	10,965	11,021	11,077	11,133	11,190	11,246	11,302	11,359	11,415	11,471	
42170	11,528	11,584	11,640	11,696	11,752	11,809	11,865	11,921	11,977	12,033	
42180	12,090	12,146	12,202	12,258	12,315	12,371	12,427	12,484	12,540	12,596	
42190	12,653	12,708	12,764	12,820	12,875	12,931	12,987	13,042	13,098	13,154	
42200	13,210	13,277	13,345	13,412	13,480	13,548	13,615	13,683	13,750	13,818	
42210	13,886	13,953	14,021	14,088	14,156	14,223	14,291	14,358	14,426	14,493	
42220	14,561	14,628	14,696	14,763	14,831	14,899	14,966	15,034	15,101	15,169	
42230	15,237	15,304	15,372	15,439	15,507	15,575	15,642	15,710	15,777	15,845	
42240	15,913	15,980	16,048	16,115	16,183	16,250	16,318	16,385	16,453	16,520	
42250	16,588	16,655	16,723	16,790	16,858	16,926	16,993	17,061	17,128	17,196	
42260	17,264	17,331	17,399	17,466	17,534	17,602	17,669	17,737	17,804	17,872	
42270	17,940	18,007	18,075	18,142	18,210	18,277	18,345	18,412	18,480	18,547	
42280	18,615	18,682	18,750	18,817	18,885	18,953	19,020	19,088	19,155	19,223	
42290	19,291	19,357	19,424	19,491	19,558	19,625	19,692	19,759	19,826	19,893	
42300	19,960	20,037	20,115	20,192	20,270	20,347	20,425	20,502	20,580	20,657	
42310	20,735	20,812	20,889	20,967	21,044	21,122	21,199	21,276	21,354	21,431	
42320	21,509	21,586	21,664	21,741	21,819	21,896	21,974	22,051	22,129	22,206	
42330	22,284	22,361	22,439	22,516	22,594	22,671	22,749	22,826	22,904	22,981	
42340	23,059	23,136	23,214	23,291	23,369	23,446	23,524	23,601	23,679	23,756	
42350	23,834	23,911	23,988	24,066	24,143	24,221	24,298	24,375	24,453	24,530	
42360	24,608	24,685	24,763	24,840	24,918	24,995	25,073	25,150	25,228	25,305	
42370	25,383	25,460	25,538	25,615	25,693	25,770	25,848	25,925	26,003	26,080	
42380	26,158	26,235	26,313	26,390	26,468	26,545	26,623	26,700	26,778	26,855	
42390	26,933	27,009	27,086	27,163	27,239	27,316	27,393	27,469	27,546	27,623	

VIÐAUKI 2

Árstöflur með mánaðargildum einstakra stöðvarpátta Hrauneyjafossvirkjunar


Ath. Hér er vatnasvið gefið 3358 km², en er skv. nýjustu mælingum 3475 km²



Ár
Year 1981

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni Range of regulation m
	Vatnshæð Stage m	Forði Storage Gl	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	
Jan	0,00		1	0,00	31	0,00	0,00
Feb	0,00		1	0,00	28	0,00	0,00
Mar	0,00		1	0,00	31	0,00	0,00
Apr	0,00		1	0,00	30	0,00	0,00
Maí	0,00		1	0,00	31	0,00	0,00
Jún	0,00		1	0,00	30	0,00	0,00
Júl	0,00		1	0,00	31	0,00	0,00
Ágú	0,00		1	0,00	31	0,00	0,00
Sep	418,00	0,130	30	418,00	29	0,00	*****
Okt	423,30	22,284	31	423,30	1	418,00	5,30
Nóv	424,75	34,074	13	425,20	2	423,50	1,70
Des	424,02	27,870	3	425,23	25	423,89	1,34
Ár Year				425,23		0,00	*****

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+L+J+S

Vatnasvið km²
Drainage area

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Þjórsá


2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengslu Accumulated outflow				Meðalútrengslu Average outflow		
	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengslu alls Total outflow	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengslu alls Total outflow
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Feb	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Mar	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Apr	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Maí	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Jún	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Júl	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Ágú	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Sep	0,000	0,000		0,000	0,00	0,00	0,00
Okt	403,748	24,537	6	428,285	151	9,16	160
Nóv	134,550	226,160	63	360,710	51,9	87,3	139
Des	127,396	226,412	64	353,808	47,6	84,5	132
Ár Year	665,694	477,109	42	1142,803	21,1	15,1	36,2

Ár
Year 1981

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afrennsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation
	Gl	m ³ /s	l / s / km ²	mm	mm
Jan		
Feb		
Mar		
Apr		
Maí		
Jún		
Júl		
Ágú		
Sep		
Okt	450,439	168
Nóv	372,500	144
Des	347,604	130
Ár Year		

Útrennsli er framhjärennsli + notað vatn.

Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni. Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.

Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í öllum miðlunarlónum ofan stöðvarinnar.

... í töflu merkir: Ekk tala samkvæmt eðli máls.

Hrauneyjafossvirkjun er í Tungnaá, sem tilheyrir aðalvatnsfallinu Þjórsá, sem er lindá, jökulá og dragá með miðlun úr Þórisvatni Vatnasvið er 3358 km², en var 2926 km² áður en farið var að veita Kvíslavatsmiðlun til Þórisvatns í áföngum árin 1980 til 1985.

Framhjärennslið er mælt í mæli LV-132. Notað vatn er mælt í mæli LV-1932 frá 25. ágúst 1984, en fram að því var það fundið út frá framleiðslu í Hrauneyjafossvirkjun. Vatnshæð í inntakslóninu, Hrauneyjafosslóni, er mæld í mæli LV-832 og forði fundinn. Virkjunin tók til starfa 1981.10.28. Útgefin gögn eru til frá 1981 fram til 1995.

Fyrir tíma virkjunar var rennsli Tungnaár mælt í vhm132 frá 1967-1980. Meðalrennsli þessa tímabils er 131 m³/s.


4. Mesta og minnsta innrennsli Maximum and minimum inflow

	Mesta 5 daga innrennsli Maximum pentad inflow		Minnsta 5 daga innrennsli Minimum pentad inflow		Mesta dagl. innrennsli Maximum daily inflow	
	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagur Day	m ³ /s
Jan						
Feb						
Mar						
Apr						
Maí						
Jún						
Júl						
Ágú						
Sep						
Okt	11-15	194	26-31	141	13	212
Nóv	16-20	165	6-10	122	20	193
Des	11-15	161	1-5	74,1	15	186
Ár Year						

Ár
Year 1982

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni
	Vatnshæð Stage m	Fordi Storage Gl	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Range of regulation m
Jan	424,56	32,459	17	424,77	1	424,02	0,75
Feb	424,77	34,244	22	425,13	4	424,07	1,06
Mar	424,78	34,329	31	424,78	22	424,06	0,72
Apr	424,99	36,106	26	425,20	11	424,00	1,20
Maí	425,05	36,647	19	425,14	17	424,05	1,09
Jún	420,25	4,404	12	425,75	28	420,17	5,58
Júl	424,79	34,414	29	425,08	15	420,13	4,95
Ágú	424,35	30,674	14	425,33	31	424,35	0,98
Sep	424,39	31,014	15	424,96	27	424,08	0,88
Okt	422,12	14,021	12	424,61	31	422,12	2,49
Nóv	424,25	29,824	27	424,40	2	421,00	3,40
Des	424,21	29,484	25	424,50	12	423,89	0,61
Ár Year				425,75		420,13	5,62

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+L+J+S

Vatnasvið km²
Drainage area

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Þjórsá


2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengsli Accumulated outflow				Meðalútrengsli Average outflow		
	Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengsli alls Total outflow		Framhjärengsli Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengsli alls Total outflow
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	69,117	273,404	80	342,521	25,8	102	128
Feb	73,341	185,096	72	258,437	30,3	76,5	107
Mar	0,031	309,901	100	309,932	0,01	116	116
Apr	20,723	264,511	93	285,234	7,99	102	110
Maí	161,778	254,789	61	416,567	60,4	95,1	156
Jún	307,085	187,204	38	494,289	118	72,2	191
Júl	78,406	185,525	70	263,931	29,3	69,3	98,5
Ágú	42,886	251,763	85	294,649	16,0	94,0	110
Sep	0,030	225,258	100	225,288	0,01	86,9	86,9
Okt	0,031	254,900	100	254,931	0,01	95,2	95,2
Nóv	0,030	302,797	100	302,827	0,01	117	117
Des	0,031	350,799	100	350,830	0,01	131	131
Ár Year	753,489	3045,947	80	3799,436	23,9	96,6	120

Ár
Year 1982

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afrengsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	mm
Jan	347,110	130
Feb	260,222	108
Mar	310,017	116
Apr	287,011	111
Maí	417,108	156
Jún	462,046	178
Júl	293,941	110
Ágú	290,909	109
Sep	225,628	87,0
Okt	237,938	88,8
Nóv	318,630	123
Des	350,490	131
Ár Year	3801,050	121

Útrennsli er framhjárennsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.
Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í öllum miðlunar-lónum ofan stöðvarinnar.
... í töflu merkir: Ekki tala samkvæmt edli máls.

Hrauneyjafossvirkjun er í Tungnaá, sem tilheyrir aðalvatnsfallinu Þjórsá, sem er lindá, jökulá og dragá með miðlun úr Þórisvatni. Vatnasvið er 3358 km², en var 2926 km² áður en farið var að veita Kvíslavatsmiðlun til Þórisvatns í áföngum árin 1980 til 1985. Framhjárennslið er mælt í mæli LV-132. Notað vatn er mælt í mæli LV-1932 frá 25.ágúst 1984, en fram að því var það fundið út frá framleiðslu í Hrauneyjafossvirkjun. Vatnshæð í inntakslóninu, Hrauneyjafosslóni, er mæld í mæli LV-832 og forði fundinn. Virkjunin tók til starfa 1981.10.28. Útgefin gögn eru til frá 1981 fram til 1995. Fyrir tíma virkjunar var rennsli Tungnaár mælt í vhm132 frá 1967-1980. Meðalrennsli þessa tímabils er 131 m³/s.


4. Mesta og minnsta innrennsli Maximum and minimum inflow

	Mesta 5 daga innrennsli Maximum pentad inflow		Minnsta 5 daga innrennsli Minimum pentad inflow		Mesta dagl. innrennsli Maximum daily inflow	
	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagur Day	m ³ /s
Jan	6-10	147	21-25	112	5	188
Feb	21-25	184	16-20	66,9	22	311
Mar	16-20	136	6-10	92,6	16	160
Apr	21-25	150	16-20	91,4	24	192
Maí	16-20	247	6-10	78,5	18	378
Jún	1-5	329	26-30	106	4	383
Júl	6-10	131	1-5	61,4	19	177
Ágú	1-5	131	16-20	92,8	5	184
Sep	6-10	103	16-20	71,1	7	140
Okt	21-25	106	26-31	74,1	12	113
Nóv	21-25	144	1-5	88,5	26	161
Des	16-20	152	26-31	104	18	173
Ár Year		329		61,4		383

Ár
Year 1983

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni Range of regulation m
	Vatnshæð Stage m	Forði Storage Gl	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	
Jan	424,71	33,734	28	424,82	9	423,77	1,05
Feb	422,88	19,156	24	424,45	28	422,88	1,57
Mar	423,69	25,306	18	424,67	28	423,10	1,57
Apr	423,35	22,672	11	423,40	22	422,95	0,45
Maí	423,91	27,010	19	424,20	12	423,11	1,09
Jún	424,05	28,125	25	424,29	7	423,51	0,78
Júl	422,33	15,440	1	424,21	31	422,33	1,88
Ágú	421,89	12,597	1	422,27	9	420,93	1,34
Sep	421,63	11,134	21	422,66	30	421,63	1,03
Okt	424,44	31,439	31	424,44	9	421,76	2,68
Nóv	423,93	27,163	18	424,76	29	423,88	0,88
Des	423,95	27,317	8	425,03	30	423,88	1,15
Ár Year				425,03		420,93	4,10

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+L+J+S


Vatnasvið km²
Drainage area

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Þjórsá

2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengslu Accumulated outflow				Meðalútrengslu Average outflow		
	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengslu alls Total outflow	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengslu alls Total outflow
	Gl	Gl	%	Gl	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	0,000	309,120	100	309,120	0,00	115	115
Feb	0,000	238,720	100	238,720	0,00	98,7	98,7
Mar	0,000	280,230	100	280,230	0,00	105	105
Apr	0,000	300,110	100	300,110	0,00	116	116
Maí	0,000	282,300	100	282,300	0,00	105	105
Jún	0,000	392,930	100	392,930	0,00	152	152
Júl	0,000	289,700	100	289,700	0,00	108	108
Ágú	0,000	267,370	100	267,370	0,00	99,8	99,8
Sep	0,000	221,410	100	221,410	0,00	85,4	85,4
Okt	0,000	282,830	100	282,830	0,00	106	106
Nóv	0,000	298,440	100	298,440	0,00	115	115
Des	0,000	343,290	100	343,290	0,00	128	128
Ár Year	0,000	3506,450	100	3506,450	0,00	111	111

Ár
Year 1983



Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá

3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afreunnsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	mm
Jan	313,370	117
Feb	224,142	92,7
Mar	286,380	107
Apr	297,476	115
Maí	286,638	107
Jún	394,045	152
Júl	277,015	103
Ágú	264,527	98,8
Sep	219,947	84,9
Okt	303,135	113
Nóv	294,164	113
Des	343,444	128
Ár Year	3504,283	111

Útrennsli er framhjäreunnsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.
Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samanlagðri forðabreytingu í þillum miðlunar-lónum ofan stöðvarinnar.
... í töflu merkir: Ekki tala samkvæmt edli máls.

Hrauneyjafossvirkjun er í Tungnaá, sem tilheyrir aðalvatnsfallinu Þjórsá, sem er lindá, jökulá og dragá með miðlun úr Þórisvatni. Vatnasvið er 3358 km², en var 2926 km² áður en farið var að veita Kvíslavatnsmiðlun til Þórisvatns í áföngum árin 1980 til 1985. Framhjäreunnslið er mælt í mæli LV-132. Notað vatn er mælt í mæli LV-1932 frá 25.ágúst 1984, en fram að því var það fundið út frá framleiðslu í Hrauneyjafossvirkjun. Vatnshæð í inntakslóninu, Hrauneyjafosslóni, er mæld í mæli LV-832 og forði fundinn. Virkjunin tók til starfa 1981.10.28. Útgefin gögn eru til frá 1981 fram til 1995. Fyrir tíma virkjunar var rennsli Tungnaár mælt í vhm132 frá 1967-1980. Meðalrennsli þessa tímabils er 131 m³/s.


4. Mesta og minnsta innrennsli Maximum and minimum inflow

	Mesta 5 daga innrennsli Maximum pentad inflow		Minnsta 5 daga innrennsli Minimum pentad inflow		Mesta dagl. innrennsli Maximum daily inflow	
	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagur Day	m ³ /s
Jan	11-15	138	21-25	74,2	12	161
Feb	1-5	110	26-28	35,6	9	143
Mar	21-25	130	11-15	89,6	3	152
Apr	16-20	130	1-5	98,5	8	156
Maí	16-20	118	11-15	90,0	4	174
Jún	21-25	166	1-5	135	12	191
Júl	1-5	151	26-31	80,5	1	172
Ágú	6-10	110	1-5	75,8	10	137
Sep	11-15	92,0	16-20	76,4	28	129
Okt	16-20	147	6-10	90,0	16	158
Nóv	26-30	130	16-20	100	8	171
Des	21-25	151	1-5	105	23	165
Ár Year		166		35,6		191

Ár
Year 1984

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni
	Vatnshæð Stage m	Forði Storage GJ	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Range of regulation m
Jan	423,54	24,144	19	424,15	30	423,46	0,69
Feb	424,83	34,754	27	425,03	11	423,14	1,89
Mar	423,20	21,509	2	425,06	31	423,20	1,86
Apr	423,24	21,819	30	423,24	9	422,23	1,01
Maí	424,72	33,819	5	425,20	1	423,95	1,25
Jún	423,74	25,693	2	425,15	20	420,81	4,34
Júl	422,58	17,129	13	425,14	31	422,58	2,56
Ágú	424,30	30,249	30	424,33	13	420,77	3,56
Sep	425,20	38,018	16	425,24	6	424,46	0,78
Okt	424,31	30,334	2	425,20	13	424,13	1,07
Nóv	424,02	27,870	1	424,88	25	423,98	0,90
Des	424,04	28,040	16	424,51	23	423,33	1,18
Ár Year				425,24		420,77	4,47

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+L+J+S


Vatnasvið km²
Drainage area

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Þjórsá

2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengslu Accumulated outflow				Meðalútrengslu Average outflow		
	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengslu alls Total outflow	Framhjärengslu Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengslu alls Total outflow
	GJ	GJ	%	GJ	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	0,000	404,770	100	404,770	0,00	151	151
Feb	0,000	285,250	100	285,250	0,00	114	114
Mar	0,000	286,600	100	286,600	0,00	107	107
Apr	0,000	233,590	100	233,590	0,00	90,1	90,1
Maí	0,000	278,540	100	278,540	0,00	104	104
Jún	58,060	444,860	88	502,920	22,4	172	194
Júl	103,596	381,040	79	484,636	38,7	142	181
Ágú	0,000	304,295	100	304,295	0,00	114	114
Sep	3,370	248,552	99	251,922	1,30	95,9	97,2
Okt	0,000	276,766	100	276,766	0,00	103	103
Nóv	0,000	321,815	100	321,815	0,00	124	124
Des	0,000	344,063	100	344,063	0,00	128	128
Ár Year	165,026	3810,141	96	3975,167	5,22	120	126

Ár
Year 1984



Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá

3. Ársinnrennsli Annual inflow

	Innrennsli Inflow		Afrrennsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation
	Gl	m ³ /s	l/s/km ²	mm	mm
Jan	401,597	150
Feb	295,860	118
Mar	273,355	102
Apr	233,900	90,2
Máí	290,540	108
Jún	494,794	191
Júl	476,072	178
Ágú	317,415	119
Sep	259,691	100
Okt	269,082	100
Nóv	319,351	123
Des	344,233	129
Ár Year	3975,890	126

Útrennsli er framhjárennsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
Ónákvæmni í mældum stærðum getur stöku sinnum gert þetta reiknaða innrennsli neikvætt.
Ath.: Í eldri skýrslum frá sumum rafstöðvum var innrennslið reiknað út frá útrennsli og samantlagðri forðabreytingu í öllum miðlunarlónum ofan stöðvarinnar.
... í töflu merkir: Ekki tala samkvæmt eðli máls.

Hrauneyjafossvirkjun er í Tungnaá, sem tilheyrir aðalvatnsfallinu Þjórsá, sem er lindá, jökulá og dragá með miðlun úr Þórisvatni. Vatnasvið er 3358 km², en var 2926 km² áður en farið var að veita Kvíslavatsmiðlun til Þórisvatns í áföngum árin 1980 til 1985. Framhjárennslið er mælt í mæli LV-132. Notað vatn er mælt í mæli LV-1932 frá 25. ágúst 1984, en fram að því var það fundið út frá framleiðslu í Hrauneyjafossvirkjun. Vatnshæð í inntakslóninu, Hrauneyjafosslóni, er mæld í mæli LV-832 og forði fundinn. Virkjunin tók til starfa 1981.10.28. Útgefin gögn eru til frá 1981 fram til 1995. Fyrir tíma virkjunar var rennsli Tungnaár mælt í vhm132 frá 1967-1980. Meðalrennsli þessa tímabils er 131 m³/s.


4. Mesta og minnsta innrennsli Maximum and minimum inflow

	Mesta 5 daga innrennsli Maximum pentad inflow		Minnsta 5 daga innrennsli Minimum pentad inflow		Mesta dagl. innrennsli Maximum daily inflow	
	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagar Pentad	m ³ /s	Dagur Day	m ³ /s
Jan	16-20	165	1-5	137	19	186
Feb	1-5	153	16-20	80,9	2	163
Mar	11-15	114	21-25	88,2	2	138
Apr	11-15	116	26-30	72,0	10	138
Máí	26-31	131	11-15	91,4	31	234
Jún	6-10	243	16-20	159	7	299
Júl	1-5	227	26-31	132	6	250
Ágú	11-15	141	1-5	96,0	14	162
Sep	26-30	109	21-25	85,1	29	144
Okt	26-31	120	1-5	92,5	14	172
Nóv	1-5	131	21-25	109	1	183
Des	1-5	133	6-10	120	24	171
Ár Year		243		72,0		299

Ár
Year 1985

Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá



1. Miðlun Storage

	Inntakslón í lok mánaðar Reservoir at end of month		Hæsta staða í lóni Max. stage of res.		Lægsta staða í lóni Min. stage of res.		Sveifla í lóni Range of regulation m
	Vatnshæð Stage m	Fordi Storage GJ	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	Dagur Day	Vatnshæð Stage m	
Jan	424,11	28,635	18	424,73	9	423,62	1,11
Feb	423,90	26,933	14	424,97	24	423,06	1,91
Mar	422,74	18,210	3	425,04	30	422,40	2,64
Apr	423,44	23,369	29	423,52	14	422,45	1,07
Maí	425,07	36,830	31	425,07	10	423,22	1,85
Jún	425,00	36,190	29	425,05	23	424,34	0,71
Júl	424,50	31,949	28	424,97	13	424,02	0,95
Ágú	424,91	35,432	3	425,02	24	424,10	0,92
Sep	424,24	29,739	3	424,92	25	423,85	1,07
Okt	424,32	30,419	21	424,96	15	423,93	1,03
Nóv	424,61	32,884	22	424,99	1	424,27	0,72
Des	424,37	30,844	12	424,85	29	424,11	0,74
Ár Year				425,07		422,40	2,67

Tegund vatnsfalls
Type of river
D+L+J+S


Vatnasvið km²
Drainage area

Tilheyrir aðalvatnsfalli
Belongs to main river basin
Þjórsá

2. Vatnsnotkun Water utilization

	Heildarútrengslí Accumulated outflow				Meðalútrengslí Average outflow		
	Framhjärengslí Excess flow	Notað vatn Utilized flow		Útrengslí alls Total outflow	Framhjärengslí Excess flow	Notað vatn Utilized flow	Útrengslí alls Total outflow
	GJ	GJ	%	GJ	m ³ /s	m ³ /s	m ³ /s
Jan	0,000	336,402	100	336,402	0,00	126	126
Feb	0,000	318,734	100	318,734	0,00	132	132
Mar	0,000	319,687	100	319,687	0,00	119	119
Apr	0,000	282,637	100	282,637	0,00	109	109
Maí	6,480	261,315	98	267,795	2,42	97,6	100,0
Jún	45,368	314,877	87	360,245	17,5	121	139
Júl	52,195	292,561	85	344,756	19,5	109	129
Ágú	6,264	317,111	98	323,375	2,34	118	121
Sep	0,000	240,068	100	240,068	0,00	92,6	92,6
Okt	0,000	239,450	100	239,450	0,00	89,4	89,4
Nóv	0,000	315,910	100	315,910	0,00	122	122
Des	0,000	387,505	100	387,505	0,00	145	145
Ár Year	110,307	3626,257	97	3736,564	3,50	115	118

Ár
Year 1985



Rafstöð
Power station
Hrauneyjafoss

Vatnsfall
River
Tungnaá

3. Ársinnrennsli *Annual inflow*

	Innrennsli Inflow		Afrrennsli Runoff		Mæld úrkoma Measured precipitation
	Gl	m ³ /s	l / s / km ²	mm	mm
Jan	336,997	126
Feb	317,032	131
Mar	310,964	116
Apr	287,796	111
Maí	281,256	105
Jún	359,605	139
Júl	340,515	127
Ágú	326,858	122
Sep	234,375	90,4
Okt	240,130	89,7
Nóv	318,375	123
Des	385,465	144
Ár Year	3739,368	119

Útrennsli er framhjärennsli + notað vatn.
Innrennsli (í inntakslón) er útrennsli + aukning forða í inntakslóni.
